



Reglur um notkun á byggðarmerki Ísafjarðarbæjar

1. gr. Markmið

Markmið reglnanna er að samræma og skýra heimild til notkunar á byggðarmerki Ísafjarðarbæjar, en við notkun á merkinu skal reglunum fylgt í hvívetna.

Ítarlegri leiðbeiningar má finna í hönnunarstaðli sveitarfélagsins frá 2020.

2. gr. Skráning og saga

Byggðamerkið er skráð í byggðarmerkjaskrá Hugverkastofu, þann 15. mars 2013, sbr. rgl. 112/1999, sbr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, en skráning veitir sveitarfélagi einkarétt á notkun þess.

Merkið var teiknað af Halldóri Péturssyni listmálara og tekið í notkun árið 1966, á 100 ára afmæli Ísafjarðarkaupstaðar. Merkið var uppfært af Pétri Halldórssyni myndlistarmanni árið 2011.

3. gr. Útlit merkisins

Byggðarmerki Ísafjarðarbæjar sýnir bát á siglingu á sjávarfleti, til beggja handa eru há Vestfjarðafjöllin en úti fyrir firðinum er miðnætursólin að hníga til viðar.

4. grein Litir merkisins

Litir merkisins eru blár og rauður. Bátur, fjöll, neðri hluti masturs og neðri hluti mastursbanda eru svört, en bakgrunnur, efri hluti masturs og efri hluti mastursbanda eru hvít.

Merkið skal alltaf vera í einkennislitum nema þar sem því verður ekki við komið.

Sé merkið prentað á dökkan grunn eða yfir ljósmynd er heimilt að draga hvíta línu í kringum það. Í undantekningartilfellum getur merkið verið svart á hvítum eða glærum bakgrunni. Á sama hátt getur merkið verið hvítt eða glært á svörtum bakgrunni. Þetta á við t.d. um merkingar á varningi og þegar ekki er hægt að prenta í litum.



Í Pantone litakerfinu eru litirnir:
Blár: Pantone 2995 C
Rauður: Pantone 485 C
Svartur: Pantone Black C

Í RGB litakerfinu eru litirnir:
Blár: 5-161-230
Rauður: 237-28-36
Svartur: 0-0-0

Í CMYK litakerfinu eru litirnir:
Blár: 73-22-0-0
Rauður: 237-28-36
Svartur: 0-0-0


Í Hex/HTML litakerfinu eru litirnir:
Blár: 05a1e6
Rauður: ed1c24
Svartur: 000000

Nánar er kveðið á um liti og útfærslur merkisins í hönnunarstaðli, sbr. fylgiskjal með reglunum.

5. grein Letur merkisins

Merki Ísafjarðarbæjar er ýmist með heiti bæjarfélagsins hægra megin við skjöldinn eða miðjað fyrir neðan skjöldinn. Leturgerðin er Tinos Bold.

Mikilvægt er að hlutföll milli skjaldar og leturs haldist óbreytt í allri notkun og að skjöldurinn og letrið séu ekki færð hvort frá öðru. Gæta skal þess í allri notkun að þrengja ekki að merkinu og halda lágmarksfjarlægð umhverfis það.



Merkið eitt og sér, án leturs, má nota í undantekningartilfellum t.d. á fánum, merkingum á húsum eða varningi s.s. barmmerkjum eða minjagripum.

6. grein Notkun merkisins fyrir starfsfólk og kjörna fulltrúa

Starfsfólki Ísafjarðarbæjar og kjörnum fulltrúum er heimilt að nota merkið í störfum sínum fyrir sveitarfélagið, á bréfum, nafnspjöldum, í útgáfum, auglýsingum og til að auðkenna starfsemi bæjarins, án sérstakrar heimildar, en fylgja skal reglum þessum í hvívetna.

Uppsetning bréfsefnis, nafnspjalda, auglýsinga og annarrar útgáfu má finna í hönnunarstaðli, sbr. fylgiskjal með reglunum.

7. gr. Notkun annarra en starfsmanna Ísafjarðarbæjar og kjörinna fulltrúa

Einstaklingar og lögaðilar, ótengdir sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ, þurfa leyfi bæjarstjóra eða staðgengils hans fyrir notkun merkisins hverju sinni. Fylgja skal reglum þessum í hvívetna.

Umsókn um notkun skal fylgja sýnishorn eða uppdráttur af fyrirhugaðri notkun.

8. gr.

Merki fyrir stofnanir Ísafjarðarbæjar

Fyrir þær stofnanir bæjarins sem eru sérmerktar gilda sömu reglur og um merki Ísafjarðarbæjar, ýmist með heiti stofnunarinnar hægra megin við skjöldinn eða miðjuðu fyrir neðan skjöldinn. Leturgerðin er Tinos Bold.

Merkið skal alltaf vera í einkennislitum (rautt, blátt og svart á hvítum skildi) nema þar sem því verður ekki við komið, sbr. 4. gr. reglnanna.

Mikilvægt er að hlutföll milli skjaldar og leturs haldist óbreytt í allri notkun og að skjöldurinn og letrið séu ekki færð hvort frá öðru.



HAFNIR
ÍSAFJARÐARBÆJAR



HAFNIR
ÍSAFJARÐARBÆJAR

9. gr.

Notkun með öðrum merkjum

Byggðarmerki Ísafjarðarbæjar má ekki fella inn í önnur merki, tákn eða letur.

Heimilt er að byggðarmerkið standi með öðru byggðar-, skjalda- eða félagamerki, og skal fjarlægð frá því að lágmarki vera sem nemur helmingi af breidd skjaldar.

Íþróttafélögum sem koma fram í keppnum er heimilt að nota byggðarmerkið til auðkenningar.

Stjórnmalaflokkum eða -framboðum er óheimilt að nota merkið eða hluta þess, og óheimilt er með öllu að nota það til stjórnmalááróðurs.

10. gr.

Táknmyndir úr merki

Grafísk táknmynd, öldur, er unnin upp úr byggðarmerki Ísafjarðarbæjar.

Öldurnar má hafa til skrauts með merkinu, t.d. í kynningarefni, Powerpoint-kynningum, á fánum eða öðru prentuðu efni.

Þær eru hafðar í grátónum úr litaspjaldi Ísafjarðarbæjar eða hvítar á litagrunni.

Gæta skal þess að öldurnar séu alltaf mun stærri en öldurnar í byggðarmerkinu og að þær séu ekki truflandi eða of nálægt merkinu.



11. gr.
Aðgengi að merkinu

Merkið skal vera aðgengilegt á heimasíðu Ísafjarðarbæjar og hjá upplýsingafulltrúa. Það skal afhent öllum þeim sem hyggjast nota það í samræmi við reglur þessar.

12. gr.
Fánar

Á fánum er byggðarmerkið eitt og sér, án leturs, miðjað á hvítum eða ljósbláum feldi. Sömu reglur gilda um hátíðarfána en á þeim má einnig nota öldurnar.

13. gr.
Notkun byggðarmerkis á söluvarningi

Óski einstaklingar eða lögaðili eftir því að framleiða varning með merkinu eða merkið sjálft í einhverju formi og hafa til sölu þarf til þess leyfi bæjarstjóra eða staðgengils hans hverju sinni.

Lögð er áhersla á að byggðarmerkið njóti sín með smekklefum hætti eftir því sem við á hverju sinni.

Sé heimild veitt skal merkið standa eitt á söluvarningi, þ.e. ekki með myndum, teikningum eða öðrum texta en nafni sveitarfélagsins.

Óheimilt er að nota merkið sem hluta af firmamerki eða vörumerki.

14. gr.
Stærð, hlutföll, litakóðar og letur

Nánari leiðbeiningar um stærð merkis, hlutfall þess gagnvart texta eða táknumyndum, litakóða, leturstærð og leturgerð má finna í hönnunarstaðli Ísafjarðarbæjar frá 2020, sbr. fylgiskjal með reglunum. Fylgja skal leiðbeiningum hönnunarstaðals í hvívetna.

15. gr.
Brot á reglum

Ísafjarðarbær getur krafist þess að merki sé afmáð, varningi eytt eða notkun hætt á merki, verði reglur þessar brotnar um notkun, hönnun eða framsetningu.

Hið sama á við ef notkun merkis kastar rýrð á byggðarmerkið sjálft eða þykir óheppilegt á annan hátt.

Samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar xy. október 2023.

Fylgiskjal

[Hönnunarstaðall Ísafjarðarbæjar](#)